

Efnavörur

*–Niðurstaða könnunar á þekkingu
iðnaðar og verzlunar um skyldur
sínar eftir kynningarátak um ábyrgð
þeirra er markaðssetja efnavöru*



Efnisyfirlit

1.	FORMÁLI.....	1
2.	TILGANGUR OG MARKMIÐ	1
3.	UMFANG OG FRAMKVÆMD	2
4.	NIÐURSTÖÐUR.....	3
5.	UMRÆÐA	13

1. Formáli

Efni, efnablöndur og hlutir sem innihalda efni eru allt í kringum okkur og gilda um þau ákveðnar reglur til að lágmarka áhættu sem fylgir notkun þeirra. Íslensk löggjöf í þessum málaflokki byggir á löggjöf Evrópusambandsins og fylgir Ísland þannig stefnu sambandsins. Í efnalögum nr. 61/2013 er Umhverfisstofnun falið það hlutverk að hafa umsjón með framkvæmd laganna og er ráðherra til ráðgjafar í efnamálum, auk þess sem stofnunin fer með eftirlit eftir því sem kveðið er á um í lögum.

Þekking á löggjöf hjá þeim sem hafa skyldum að gegna samkvæmt henni er afar mikilvæg svo tryggja megi að markmið löggjafarinnar náist. Umhverfisstofnun leggur áherslu á góða kynningu, bæði á heimasíðu sinni, <http://ust.is/atvinnulif/efni/>, og með kynningarfundum.

Umhverfisstofnun hélt kynningarfund í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu þann 5. september 2013 þar sem fjallað var um skyldur þeirra sem markaðssetja efni og efnablöndur. Kynningarfundinum var fylgt eftir með því að leggja fyrir þá rafrænu könnun, sem fjallað er um í skýrslu þessari, fyrir helstu aðila hér á landi sem markaðssetja efnavörur.

2. Tilgangur og markmið

- Að kanna þekkingu iðnaðar og verslunar á þeim kröfum sem fylgja markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni.
- Að vekja framangreinda aðila til umhugsunar um að ákveðnar kröfur gilda um efnavörur og markaðssetningu þeirra.
- Að ákveða næstu skref Umhverfisstofnunar í kynningarstarfi á efnalöggjöfinni með hliðsjón af niðurstöðum könnunarinnar.

3. Umfang og framkvæmd

Í úrtakinu voru helstu iðnfyrirtæki og verslanir hér á landi sem flytja inn og/eða meðhöndla efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni. Upplýsingum um þá aðila var safnað úr listum yfir fyrirtæki úr eftirlitsverkefnum Umhverfisstofnunar með efnavörum og upplýsingum frá tollstjóra um innflutning á slíkum vörum árið 2013.

Spurningar voru útbúnar (alls 15 talsins, sjá í kafla um niðurstöður) með áherslu á nýleg efnalög, REACH reglugerðina um skráningu, mat og leyfisveitingar efna, öryggisblöð og innihaldsefni, CLP reglugerðina um flokkun, merkingar og umbúðir efnavara, reglugerð um sæfivörur og markaðsleyfi og á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Spurningarnar voru settar inn í þar til gert rafrænt könnunarform á vef Surveymonkey.com. Tölvupóstur með kynningartexta og tengingu á könnunina var sendur á fyrirtækin og tengiliði þeirra þann 24. október 2014 og var frestur til að svara könnuninni gefinn til 29. október. Eftir að í ljós kom að hluti viðtakanda hafði ekki tók á því að svara könnuninni á þeim tíma var fresturinn framlengdur til 3. nóvember sl.

Hér fyrir neðan má sjá efni tölvupóstsins sem sendur var ásamt tengingu á könnunina. Tölvupósturinn var sendur til 159 fyrirtækja og svöruðu alls 77 (48,4%).

Efni: *Hjálpaðu okkur að gera kynningarstarf okkar enn betra*

Ágæti viðtakandi

Í meðfylgjandi könnun vill Umhverfisstofnun kanna þekkingu iðnaðarins og verslunarinnar á löggjöf um efni og efnablöndur. Markmiðið er að sjá hvar helst skortir á þekkingu og ákveða í framhaldinu næstu skref í kynningarstarfi stofnunarinnar á efnalöggjöfinni. Við hvetjum þig til að taka þátt og hjálpa okkur þannig að gera kynningarstarf okkar enn betra.

Könnunin tekur eingöngu 2-3 mínútur! Frestur til að svara er til og með 29. október nk.


<https://www.surveymonkey.com/s/3N9YFC8>

4. Niðurstöður

Hér á eftir má niðurstöður könnunarinnar af vef SurveyMonkey. Svörun spurninga 1-13 er bæði sýnd með hlutfallstölum (%) og á myndrænan hátt með stöplaritum. Þar á eftir verða niðurstöður úr þeim spurningum dregnar saman. Vegna eðlis spurninga 14-15, þar sem óskað er eftir álitum á heimasíðu Umhverfisstofnunar um efnamál og um framkvæmd efnalöggjafarinnar, eru svör við þeim sett fram í töflum og síðan tekin saman í umræðukaflanum.

Q1 Hvað af eftirfarandi á við um þína starfsemi? (Hægt að velja fleiri en einn valkost)


Answered: 73 Skipped: 4



Answer Choices	Responses
Framleiðsla á efnum, efnablöndum eða hlutum sem innihalda efni.	27.40% 20
Innflutningur frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins og markaðssetning á efnum, efnablöndur eða hlutum sem innihalda efni.	80.82% 59
Innflutningur frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og markaðssetning á efnum, efnablöndur eða hlutum sem innihalda efni.	28.77% 21
Annað	6.85% 5
Total Respondents: 73	

Q2 Hefur þú kynnt þér ný efnalög nr. 61/2013?


Answered: 76 Skipped: 1



Answer Choices	Responses	
Já	42.11%	32
Nei	57.89%	44
Total		76

Q3 Hversu vel þekkir þú til REACH reglugerðarinnar um skráningu, mat og leyfisveitingar efna?


Answered: 77 Skipped: 0



Answer Choices	Responses	
Mjög vel	2.60%	2
Frekar vel	16.88%	13
Ágætlega	31.17%	24
Frekar illa	22.08%	17
Mjög illa	27.27%	21
Total		77

Q4 Vissir þú að skrá skal hrein efni hjá Efnastofnun Evrópu ef þau eru framleidd innan Evrópska efnahagssvæðisins eða eru flutt inn frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins?


Answered: 71 Skipped: 6



Answer Choices	Responses	
Já	54.93%	39
Nei	45.07%	32
Total		71

Q5 Hversu vel þekkir þú til reglna um skyldur fyrirtækja um samantekt og afhendingu á öryggisblöðum?


Answered: 76 Skipped: 1



Answer Choices	Responses	
Mjög vel	19.74%	15
Frekar vel	30.26%	23
Ágætlega	21.05%	16
Frekar illa	18.42%	14
Mjög illa	10.53%	8
Total		76

Q6 Vissir þú að birgjum er skylt að afhenda öryggisblöð á íslensku með efnum og efnablöndum ef viðtakandinn ætlar að nota þau í atvinnuskyni?


Answered: 75 Skipped: 2



Answer Choices	Responses	
Já	80.00%	60
Nei	20.00%	15
Total		75

Q7 Vissir þú að neytandinn hefur rétt á að fá afhentar upplýsingar í verslunum um hvort hlutir sem þar eru seldir innihaldi efni á lista Evrópusambandsins yfir sérlega hættuleg efni?


Answered: 74 Skipped: 3



Answer Choices	Responses	
Já	54.05%	40
Nei	45.95%	34
Total		74

Q8 Hversu vel þekkir þú til reglna um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna?


Answered: 75 Skipped: 2



Answer Choices	Responses	
Mjög vel	10.67%	8
Frekar vel	28.00%	21
Ágætlega	30.67%	23
Frekar illa	25.33%	19
Mjög illa	5.33%	4
Total		75

Q9 Vissir þú að efnablöndur skulu flokkaðar og merktar skv. CLP frá og með 1. júní 2015 en þó er heimilt að selja vörur til 1. júní 2017 sem komnar eru í dreifingu?


Answered: 76 Skipped: 1



Answer Choices	Responses	
Já	42.11%	32
Nei	57.89%	44
Total		76

Q10 Hversu vel þekkir þú til reglna um sæfivörur?


Answered: 77 Skipped: 0



Answer Choices	Responses	
Mjög vel	0.00%	0
Frekar vel	9.09%	7
Ágætlega	15.58%	12
Frekar illa	28.57%	22
Mjög illa	46.75%	36
Total		77

Q11 Vissir þú að vissar sæfivörur þurfa markaðsleyfi áður en þær eru markaðssettar hér á landi og hægt er að sækja um gagnkvæma viðurkenningu?


Answered: 77 Skipped: 0



Answer Choices	Responses	
Já	40.26%	31
Nei	59.74%	46
Total		77

Q12 Skoðar þú heimasíðu Umhverfisstofnunar um efnamál, ust.is/atvinnulif/efni/?


Answered: 76 Skipped: 1



Answer Choices	Responses	
Aldrei	40.79%	31
Stundum	48.68%	37
Oft	10.53%	8
Total		76

Q13 Finnst þér heimasíða Umhverfisstofnunar um efnamál gagnleg í tengslum við þína starfsemi?

Answered: 67 Skipped: 10



Answer Choices	Responses	
Já	70.15%	47
Nei	29.85%	20
Total		67

Hér á eftir eru niðurstöður úr spurningum 1-3 dregnar saman:

- 1** 81% þátttakenda flytja inn efnavöru frá löndum innan EES svæðisins, tæplega 30 % framleiða efnavöru og tæplega 30 % flytja inn efnavöru frá löndum utan EES svæðisins.
- 2** 42% þátttakenda hafa kynnt sér nýleg efnalög en 58 % ekki.
- 3** 51% þátttakenda þekkja REACH reglugerðina ágætlega, frekar eða mjög vel en 49 % frekar eða mjög illa.
- 4** 55% þátttakenda vita að skrá skal hrein efni hjá Efnastofnun Evrópu en 45 % ekki.
- 5** 71% þátttakenda þekkja skyldur fyrirtækja er varðar samantekt og afhendingu öryggisblaða ágætlega, frekar eða mjög vel en 29 % frekar eða mjög illa.
- 6** 80% þátttakenda vita að birgjum er skylt að afhenda öryggisblöð á íslensku með efnavörum sem nota á í atvinnuskyni en 20 % ekki.
- 7** 54% þátttakenda vita að neytandinn hefur rétt á að fá afhentar upplýsingar um hvort hlutur innihaldi efni á lista ESB yfir sérlega hættuleg efni en 46 % ekki.
- 8** 70% þátttakenda þekkja reglur um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP) ágætlega, frekar eða mjög vel en 30 % frekar eða mjög illa.
- 9** 42% þátttakenda vita að efnablöndur sem á eftir að setja á markað skuli flokkaðar skv. CLP frá og með 1. júní 2015 en 58 % ekki.
- 10** 25 % þátttakenda þekkja sæfivörur ágætlega eða frekar vel en 75 % mjög eða frekar illa.
- 11** 40% vita að sæfivörur þurfa markaðsleyfi og að hægt sé að sækja um gagnkvæma viðurkenningu en 60% ekki.
- 12** 59% þátttakenda skoða heimasíðu Umhverfisstofnunar um efnamál stundum eða oft en 41 % aldrei.
- 13** 70% þátttakenda finnst heimasíða Umhverfisstofnunar um efnamál gagnleg en 30 % ekki.

Q14 Hvað finnst þér megi bæta á heimasíðu Umhverfisstofnunar um efnamál?:

Svör
Svara betur, eða yfirleitt fyrirspurnum.
Get ekki sagt um það.
Það sem vantar helst er einhver sameiginlegur grunnur fyrir íslensk öryggisblöð sem birgjar geta hlaðið inn og notendur nálgast.
Þarna er töluvert efni sem eflaust má alltaf bæta. Sjá síðan næsta punkt, sem gæti verið á könnu Umhverfisstofnunar eða annars aðila.
Hafa beina linka inn á Evrópusíðurnar sem við þurfum að nota.
Mjög mikið af flóknum upplýsingum, veit oft ekki hvar ég á að byrja.
Vil taka fram að ég er annar eigandi af tveimur í fyrirtæki sem flytur inn efnablöndur og ekki sá sem er með efnafræðiþekkinguna - sem skýrir kannski vankunnáttu á sumu sem spurt er um að ofan. Er hins vegar þýðandi öryggis- og tækniblaðanna og hefur heimasíðan gagnast vel við þýðingar.
Upplýsingar á mannamáli varðandi þær kröfur sem þarf að uppfylla varðandi merkingar á ílátum og afhendingu öryggisblaða sem dæmi.
Veit ekki.
Ekki skoðun á því.
Of flókin heimasíða. Þarf að gera hana aðgengilegri fyrir leikmenn. Það eru venjulega ekki sérfræðingar á þessu sviði inni í almennum fyrirtækjum.
Skýrari texta.
Halda námskeið um CLP og gerð öryggisblaða í byrjun árs 2015.
Hún er helst til flókin, oft erfitt að finna á síðunni það sem leitað er að.
Auðveldara að leita.
Betri leitarskilyrði.
Hef bara ekki kynnt mér efni hennar nægjanlega vel til að svara, en það ætti kannski frekar að kynna hana þá sjálfa. Nú fæ ég þennan póst, þannig að ég hlýt að vera á einhverjum póstlista, samt hef ég ekki fengið hóppóst eða fréttabréf frá ykkur að benda mér á ef það uppfært eða nýtt og áhugavert efni að skoða.
Það var til gömul síða. Ég sakna hennar.

Q15 Viltu koma einhverju á framfæri við Umhverfisstofnun er varðar framkvæmd efnalöggjafarinnar hér á landi?

Svör
Nei
Ég sakna þess að ekki sé til banki á netinu, yfir öryggisblöð sem íslenskir aðilr gefa út. Bankinn mætti vera í forsjá opinbers aðila, og þar væri annaðhvort vistuð útgefin blöð eða tenglar til fyrirtækja sem vista slík blöð. Þetta myndi stuðla að hraðari endurnýjun og uppfærslu gagna og hjálpa mörgum til að standa sig.
Bjóða upp á námskeið um innflutning á efnavörum.
Nei
Ekki að svo stöddu.
Meiri fræðslu og matreiða reglurnar á sem einfaldastan hátt fyrir markaðinn og vera með gott bakland og styðja við fyrirtækin í stað þess að vera "óvinurinn".
Það mætti vera meira eftirlit með öryggisblöðum bæði varðandi aðgegni að þeim og innihald. Mörg blöð eru ekki að uppfylla REACH.
Ágætt að fá í pósti áminningar um breytingar á lögum þannig að fyrirtæki kynni sér þær breytingar sem eru Fyrirhugaðar.
Halda fleiri fræðslufundi.
Betri eftirfylgni / úttekir frá UST hjá fyrirtækjum og verslunum sem eru að selja / nota efnavörur.
Hafa leiðbeiningar skýrar og einfaldar svo að hægt sé að vinna eftir þessu.
Þau námskeið sem hafa verið boðin hafa verið of fá -Innleiðing og kynning hefur oft verið ekki nægjanleg, manni finnst gegnsæi vera lítið og erfitt að átta sig á því hvað má og hvað má ekki. -Erfiðlega getur reynst að fá svör úr kerfinu, aðilar benda hver á annan en engin tekur af skarið.
Eftirlit og eftirfylgni með reglum um merkingar virðist áfátt á neytendamarkaði (í stórmörkuðum).
Kynning og fræðsla.

5. Umræða

Þegar rýnt er í svörin þá skal hafa eftirfarandi í huga:

- Spurningarnar eru afar fjölbreyttar og spanna stórt svið efnamála. Því er ekki óeðlilegt að fyrirtæki geti haft þekkingu á einni reglugerð sem gildir um þeirra starfsemi en hafi litla þekkingu á reglugerðum sem þeir hafa engum skyldum að gegna. Sem dæmi má nefna að fyrirtæki sem markaðssetja ekki sæfivörur vita líklega lítið um slíkar vörur.
- Fyrirtækjaúrtakið er einnig afar fjölbreytt og nær bæði til fyrirtækja sem Umhverfisstofnun þekkir vel til í gegnum eftirlitsverkefni og kynningarstarf, og til fyrirtækja sem stofnunin þekkir mun minna og bætt var við úrtakið út frá upplýsingum frá tollstjóra. Þetta var gert til þess að reyna að ná til sem flestra fyrirtækja sem markaðssetja efnavörur en hefur þau áhrif að fyrirtæki sem hafa minni skyldum að gegna skv. efnalöggjöfinni en önnur geta lent í úrtakinu.

Þegar rýnt er í svörin þá er ánægjulegt að sjá að þátttakendur telja sig þekkja ágætlega, frekar eða mjög vel til krafna um öryggisblöð (71%) því að öryggisblöð eru mikilvægur þáttur í vinnuvernd og innihalda m.a. upplýsingar um örugga meðhöndlun og notkun efna og efnablandna. Auk þess er ánægjulegt að sjá að um 70% þátttakenda telja sig þekkja ágætlega, frekar eða mjög vel reglur um flokkun og merkingu (CLP). Þó veit eingöngu rúmlega 40% þátttakenda að merkja skuli efnablöndur skv. CLP eftir 1. júní 2015 og þarf Umhverfisstofnun að auka kynningu um það.

Niðurstöðurnar sýna að auka þarf kynningu á efnalögum almennt því þau ná yfir málaflokkinn í heild. Ágætis þekking er á REACH reglugerðinni, um skráningarskylduna og rétt neytandans um að fá upplýsingar um efni í hlutum en auka þarf kynningu á sæfivörum.

Í svörum við spurningu 14 um heimasíðu Umhverfisstofnunar var algengasta athugasemdin að heimasíðan um efnamál sé of flókin, einfalda megi framsetningu upplýsinga og orðalag og auðvelda leit. Einnig að setja megi þar inn beina tengingu á viðeigandi síður Evrópusambandsins. Óskað er eftir því að sendir verði hóppóstar á fyrirtæki til að kynna heimasíðu Umhverfisstofnunar um efnamál og uppfærslur á henni. Auk þess kom fram að þörf væri á námskeiði um CLP og öryggisblöð og sameiginlegum grunni fyrir íslensk öryggisblöð (kom einnig fram í svari við spurningu 15).

Í svörum við spurningu 15 þar sem þátttakendur voru spurðir hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri við Umhverfisstofnun um framkvæmd efnalöggjafarinnar var algengast að fram kæmi að auka mætti fræðslu um efnamál með einföldum og skýrum leiðbeiningum eða fræðsluefni og bjóða upp á fleiri námskeið/fræðslufundi. Einnig að auka mætti eftirlit með öryggisblöðum sem og almennt eftirlit og eftirfylgni með merkingum efnavara á markaði. Auk þess var óskað eftir því að sendir verði hóppóstar á fyrirtæki með efnavörur til að minna á breytingar á efnalögnum.

Efnateymi Umhverfisstofnunar þakkar þeim sem gáfu sér tíma til að svara könnuninni og telur margt áhugavert hafa komið fram. Niðurstöðurnar munu m.a. nýtast við að ákveða næstu skref í kynningar- og fræðslustarfi stofnunarinnar um efnalöggjöfina og við umbætur á heimasíðunni. Þær verða auk þess hafðar að leiðarljósi við ákvörðun á áherslum stofnunarinnar í efnamálum á komandi misserum.

2. desember 2014

Efnateymi Umhverfisstofnunar